

## Reglur um upprunamerkingar á svínakjöti, kinda- og geitakjöti og alifuglakjöti

Skylt er að merkja uppruna á svínakjöti, kinda- og geitakjöti og alifuglakjöti, skv. reglugerðum ESB nr. 1169/2011 og nr. 1337/2013 (innleidd með reglugerð 482/2017).

Reglugerð ESB nr. 1337/2013 hér eftir kölluð „reglugerðin“ er svokölluð framkvæmdagerð, sett skv. 8.tl. í 26. grein reglugerðar ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda og segir til um hvernig skal merkja uppruna þessa kjötttegunda.

Krafan um upprunamerkingu nær einungis yfir nýtt, kælt eða fryst kjöt. Um leið og kjötið hefur verið kryddað eða blandað með aukefnum gildir krafan um upprunamerkingar ekki.

*Hvaða kjöt á að upprunamerkja (skv. viðauka XI við reglugerð ESB nr. 1169/2011):*

Kjöt sem fellur undir eftirfarandi númer í sameinaðri nafnaskrá (Tollskrárnúmer)	
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
Úr 0207	Kjöt af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst

## Hvernig skal merkja kjötið?

Kröfur um hvernig skal merkja uppruna koma fram í 5. gr. reglugerðarinnar.

- Kjöt til neytenda og stóreldhúsa skal merkja með eftirfarandi upplýsingum
  - “Alið í: (heiti lands)”
  - “Slátrað í: (heiti lands)”
  - Lotunúmeri sem einkennir kjötið
- Í stað (a) og (b) í 1. málsgrein má merkja “Uppruni: (heiti lands)” á kjöt af dýrum sem eru fædd, alin og slátrað í einu landi.

Uppruni: Ísland

- Ef margir kjötbitar/-stykki, af sömu eða mismunandi tegund eru í sömu pakkningu og og ættu að hafa mismunandi upprunamerkingar skal eftirfarandi koma fram í merkingum;
  - listi yfir lönd skv. 1. og 2.
  - lotunúmer sem einkennir kjötið sem er afhent til neytenda/stóreldhúsa

## Nánar um heiti lands sem dýrið var alið í (1.a):

Mismunandi skilgreiningar eru á því hvaða land skal merkja sem eldisland, eftir dýrategundum:

### (i) svín :

- ef slátrað eldra en 6 mánaða, skal nota land síðustu 4 eldismánaða

- ef slátrað yngra en 6 mánaða og það var a.m.k. 80 kg á fæti, skal nota það land þar sem dýrið var alið eftir að það varð 30 kíló.
- ef slátrað yngra en 6 mánaða, og það var minna en 80 kg á fæti, skal nota það landið þar sem allt eldistímabil dýrsins stóð yfir.

#### (ii) kindur og geitur:

- landið þar sem síðasta eldistímabilið, a.m.k. 6 mánuðir, stóð yfir
- ef því er slátrað yngra en 6 mánaða, landið þar sem allt eldistímabilið stóð yfir í

#### (iii) alifuglar:

- landið þar sem síðasta eldistímabilið, a.m.k. 1 mánuður, stóð yfir
- ef dýrinu var slátrað yngra en 1 mánaða, landið þar sem dýrið var alið eftir að það var komið á uppeldisstað

### Kjöt frá ríkjum utan EES svæðisins

6. gr. reglugerðarinnar fjallar um undanþágur fyrir kjöt frá ríkjum utan EES svæðis (þriðju lönd).

Ef upplýsingar um eldisstað eru ekki tiltækar skal merkja:

- *“Alið: utan ESB”*
- *“Slátrað í : (Heiti þriðja ríkis þar sem dýrinu var slátrað)”*

### Hakk og afskurðir

7. gr. reglugerðarinnar fjallar um undanþágur fyrir hakkað kjöt og afskurð. Hvað það varðar er heimilt að nota eftirfarandi tilgreiningar:

- “Uppruni: ESB”*, ef uppruni (fædd, alin og slátrað) er eingöngu þar;
- “Alið og slátrað í: ESB”*, ef alið og slátrað eingöngu þar;
- “Alið og slátrað: utan ESB”*, ef alið og slátrað eingöngu í ríkjum utan ESB;
- “Alið : utan ESB” og “slátrað í: ESB”* ef dýr flutt inn í ESB og slátrað þar;
- “Alið og slátrað í: ESB og utan ESB”* ef framleitt úr
  - kjöti dýra sem eru alin og slátrað í ESB og úr kjöti fluttu inn í ESB eða
  - kjöti af dýrum, sem flutt eru inn í ESB og slátrað þar.

### Valfrjársar viðbótarupplýsingar

- Bæta má við nánari upplýsingum um uppruna kjötsins.
- Þær upplýsingar mega þó ekki vera í mótsögn við 5., 6. og 7. grein reglugerðarinnar og verða að uppfylla V. kafla reglugerðar ESB nr. 1169/2011 (um valkvæðar matvælaupplýsingar), t.d. ekki vera villandi eða tvíræðar.